

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri.

Séu gjöld samkvæmt reglugerð þessari ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Pungaskattur, dagsektir og álag hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

14. gr.

Eftirlitsmönnum með öikumælum er heimilt að stöðva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyriræli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla með síðar breytingum séu haldin.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986 um breyting á þeim, öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. ásamt reglugerðum nr. 362/1985 og nr. 474/1985 um breyting á henni felldar úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 13/1986.

1. gr.

Reglugerð nr. 13. frá janúar 1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara er hér með afnumin.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.